

Trésmiðjan Akur





Tímalína

Árið 1959 – Fyrirtækið stofnað 20. nóvember með aðsetur að Akursbraut 11 á Akranesi.

Áratugurinn 1970 – 1979

Akur byggir átta fjölbýlishús á þessum áratug alls 132 íbúðir. Árið 1976 opnar Akur byggingavöruverslun á Akursbrautinni og var aðallega verslað með grófa vöru fyrir byggingar s.s. timbur og stál.

Áratugurinn 1960 – 1969

Framleiðsla á innréttingum og húsgögnum var megin starfsemi fyrirtæksins á þessum tíma. Á þessu tímabili framleiddi Akur innréttingar í um 930 íbúðir í Breiðholtinu í Reykjavík. Byggt var við húsnaðið að Akursbraut 11 og starfsmönnum fjölgaði umtalsvert. Bygging fyrsta fjölbýlishússins hófst 1969.

Áratugurinn 1980 – 1989

Akur byggir tvö fjölbýlishús á þessum áratug alls 36 íbúðir. Árið 1983 flytur fyrirtækið starfsemi sína í nýtt húsnaði sem það byggði að Smiðjuvöllum 9. Framleiðsla á timbureiningahúsum hefst, bæði á einbýlis- og frístundahúsum. Eitt einbýlishús var smíðað og reist á Grænlandi. Framleiðsla á færanlegum vinnubúðum stóð sem hæst á þessum áratug.

Byggingarfyrirtæki og trésmiðja með áratuga reynslu

Trésmiðjan Akur er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem leggur áherslur á byggingu íbúðar- og frístundahúsa úr timbri fyrir kaupendur alls staðar á landinu. Ásamt því sinnir fyrirtækið almennri trésmíðaðþjónustu og viðhaldsverkefnum á Akranesi og nágrenni. Fyrirtækið er með starfsemi sína á Smiðjuvöllum 9 og er vel tækjum búið trésmíðaverkstæði.

Stofnendur voru Fríða Lárusdóttir, Stefán Teitsson, Hallfríður Georgsdóttir, Magnús Lárusson, Erla Guðmundsdóttir og Gísli S. Sigurðsson. Í dag eru afkomendur Fríðu og Stefáns eigendur fyrirtækisins.

65 ára

1959-2024 65 ár í rekstri

Áratugurinn 1990 – 1999

Ellefta fjölbýlishúsið byggir Akur á þessum áratug alls 12 íbúðir. Tveir leikskólar eru byggðir, annar á Akranesi og hinn í Hvalfjarðarsveit. Bygging einbýlis-, par- og raðhúsa ásamt bygging frístundahúsa er fyrirferðamikil þennan áratugin. Árið 1997 byggir Akur 675 m² skrifstofuhúsnæði fyrir Norðurál hf. sem var að hefja starfsemi sína á Grundartanga.

Áratugurinn 2010 – 2019

Eftir hrun fjármálakerfisins 2008 var erfitt hjá mörgum fyrirtækjum. Þrátt fyrir hæga byrjun framkvæmda á þessum áratug sinnti Akur ýmiss konar viðhaldsverkefnum ásamt því byggja fjölda frístundahúsa og íbúða í einbýlis-, par- og raðhúsum. Akur skilar þremur fjölbýlishúsum á þessum áratug með alls 36 íbúðum.

Áratugurinn 2000 – 2009

Gríðaleg uppbygging einkennir þennan áratug. Akur byggir tólfra fjölbýlishúsið alls 22 íbúðir. Akur byggir einbýlis-, par- og raðhús á Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað. Alls voru byggð á fjórða tuga íbúða á þessum stöðum.

Fjölbreytt starfsemi í 65 ár

Frá stofnun hafa verkefni Akurs verið fjölbreytt og margvísleg. Á löngum starfstíma hafa áherslur breyst og ný tækifæri myndast. Fyrirtækið hóf byggingu fjölbýlishúsa árið 1969 og hafa nú verið byggt 15 slík með 238 íbúðum. Árið 1983 hóf fyrirtækið framleiðslu á húsum úr forsmíðuðum timbureiningum. Þau hafa verið reist um land allt. Í dag eru megin áherslur fyrirtæksins:

- i) Hönnun, framleiðsla og reisning á húsum úr forsmíðuðum timbureiningum. Við vinnum með væntanlegum kaupendum við allt framleiðsluferlið frá hönnun og gerð teikninga, þar til húsi er skilað á því byggingarstigi sem kaupendur kjósa. Við hjálpum kaupendum með að finna aðra verktaka sem þurfa að koma að byggingunni, s.s. jarðvinnuverktökum, rafvirkjum, pípurum og fleirum.
- ii) Vistvæn hönnun og efnisval. Timburhús eru vistvænn kostur fyrir fólk og umhverfi. Timbur hagar sér eins og kolefnisgeymir (CO2 store). Þegar tré vaxa gleypa þau kolefni með ljóstillífum sem losar súrefni og geymir kolefni. Timbur er því æskilegt byggingarefni með lágt kolefnisspor. Trésmiðjan Akur lætur umhverfismálin sig varða m.a. með að lámarka byggingarúrgang og flokka það sem til fellur á byggingartímanum.
- iii) Endurbætur á húsum og íbúðum, innan sem utandyra. Til dæmis endurnýjun á gluggum, útveggjaklæðningum og þökum ásamt hvers konar endurbótum innandyrna. Heilstæð þjónusta þar sem starfmenn fyrirtækisins koma á staðinn til taka út og greina verkefnið. Þeir koma með tillögur um hvað þarf til og hvernig best er að standa að framkvæmd verksins.
- iv) Þjónusta við stórfyrirtæki og stofnanir. Má þar nefna Elkem, Norðurál og ýmsar stofnanir og fyrirtæki á Akranesi og í nágrenni.
- v) Almenn trésmíðaþjónusta við einstaklinga og fyrirtæki. Fyrirtækið er með stórt trésmíðaverkstæði sem getur sinnt hvers kyns þjónustu sem einsaklingar eða fyrirtæki þurfa á að halda. Við leggjum ávallt áherslu á að bjóða viðskiptavinum okkar góðar vörur og þjónustu á umsömdum tíma.





Gluggar frá NorDan eru í miklum gæðum

Frá árinu 1926 hefur NorDan framleitt og þróað glugga og hurðir fyrir erfiðar aðstæður. NorDan hefur verið á Íslenskum markaði í nær 40 ár.

- Gæðavottað fyrir íslenskar aðstæður.
- Svansvottuð framleiðsla.
- Samlímduð viður, fúa,- og mygluvarið.
- Við bjóðum glugga með 2-földu eða 3-földu gleri.
- Hljóðeinangrun í gluggum og hurðum.

Það er engin ástæða fyrir því að allir gluggar á heimili séu eins. Nútímalegur og kraftmikill arkitektúr kallar oft á glugga af ýmsum stærðum og gerðum, með mismunandi kröfum um virkni.

Við höfum það að markmiði fyrir allt sem við gerum
„Fullkomið samspil“
Sjá nánar á nordan.no nordangluggar.is



**TRAUSTUR VERKTAKI
Í YFIR 70 ÁR**



431 1343 · throttur@throtturehf.is · www.throtturehf.is



+354 433 2201

 @vogir

**Vogir ehf er sölu og
þjónustuumboð
fyrir vogir ásamt
því að bjóða
upp á almenna
rafvirkjapjónustu.**



Trésmiðjan Akur er aðili að Samtökum iðnaðarins og leggur metnað í að starfsfólk hljóti fyrsta flokks þjálfun og menntun sem gerir því kleift að skila góðu verki.

Fyrirtækið leggur upp úr góðum aðbúnaði á vinnustað og því að hafa öryggi starfsfólks ávallt í fyrirrúmi.

Eftir því sem aðstæður leyfa leggur Akur sig fram um að bjóða húsasmíðanemum námsamning. Frá stofnun hafa um 110 nemar lokið námsamningi hjá fyrirtækinu í húsa- og húsgangnasmíði og tekið sveinspróf.

Af starfsfólki sem vinnur í dag hjá fyrirtækinu hefur um 25% af því unnið 25 ár eða lengur. Sá er hefur lengstan starfsaldur hefur unnið í rúm 48 ár hjá því. Við erum stolt af okkar starfsfólki og vinnum öll að sama markmiði, að veita viðskiptavinum okkar vandaða þjónustu á samkeppnishæfu verði.



Ávalt ehf er uppsteypuverktaki sem unnið hefur við húsbyggingar með fyrirtækjum og einstaklingum undanfarin ár.


Reist 28 íbúða fjölbýlishús úr forsteyptum einingum. Eigandi hefur komið að um 600 steypuverkefnum í Noregi og á Íslandi.


Mikil reynsla, nákvæmni og gæði. Því bætist við nýr ánægður viðskiptavinur í hvert skipti sem Ávalt líkur sínu verki.

ÁVALT ehf
Uppsteypuverktaki

Ásgeir Ólafur Ólafsson
Eigandi/Framkvæmdastjóri
788 8910 • avalt@avalt.is

Finndu okkur
á Facebook og
Instagram





Trésmiðjan Akur

📍 Smiðjuvöllum 9, 300 Akranes

☎ 430 6600

✉ akur@akur.is

🌐 www.akur.is



Alhliða þjónusta í pípulögnum
Kristján Baldvinsson
Pípulangameistari

Sími: 840 1660

45 ISLAND • a part of • S Denmark • Concept JS/MEDIA TOOL AS • 153357 • www.jsdenmark.dk



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru,
einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra.
Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking,
stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

